



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 6. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudagur 27.09.2012 kl. 17:15

Þátttakendur: Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður
Höskuldur Höskuldsson (HH)

Boðuð forföll: Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV)
Ingi Geir Sveinsson (IGS)
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ

Fjarverandi:

Fundarritari: HRS

Helstu mál: Formannafundur, Deildarbikar og Bikarkeppni, önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Formannafundur:

Farið var yfir fundargerð frá formannafundi og niðurstöður fundarins ræddar, en þar kom það helst fram að formannafundur hafnaði tillögu dómaranefndar um dómaraskyldu í deildarleikjum, en dómaranefnd falið að koma á einskona eftirlitsskyldu í deildarleikjum og dómaraplanið verði látið halda sér í öðrum mótum. Samþykkt var að fá Sigríði Klemensdóttir til að útbúa tilkynningu um það á vefsíðu KLÍ og ætlar LHM að ræða við Sigríði. Taka þarf saman helstu atriði sem koma þarf á framfæri og ætlar ÞMP að sjá um það.

2. Deildarbikar og Bikarkeppni:

ÞMP kynnti fyrir fundarmönnum hvernig staðið var að útdrætti í deildarbikar og bikarkeppni KLÍ og niðurstöður úr drættinum.

3. Önnur mál:

ÞMP sagði frá því að Ísland hafi áunnið sér keppnisrétt á heimsmeistaramóti karlaliða 2013. Fundarmenn eru sammála um að stjórn KLÍ og landsliðsnefnd fundi saman um hvort taka eigi þátt í mótinu og mun ÞMP boða landsliðsnefnd á fund með stjórn um málið.

Rætt var um mót fyrir eldri borgara sem fara á fram í Helsinki 2013. Ræddar voru hugmyndir um hvernig Ísland geti tekið þátt í mótinu, en engar ákvarðanir teknar um það.

ÞMP fór yfir samninga sem KLÍ á við 66°Norður um búninga fyrir landsliðin og óskaði eftir álit fundarmanna um hvort ekki væri eðlilegt að landsliðsfólk mætti eiga búningana eftir þátttöku í mótum í stað þess að safna þeim upp hjá KLÍ, en nú þegar eru til talsvert af búningum hjá KLÍ. Kostnaður af þessu yrði óverulegur og á móti kæmi að KLÍ þyrfti ekki að standa straum af kostnaði við hreinsun og geymslu á búningum.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

HH fór yfir ferlið á frestunardeiðni KR-C, og spurði hvort ekki væri hægt að endurskoða ákvörðun mótanefndar og hvert beiðni um það ætti að berast. ÞMP sagði að öllum málum sem ekki tengjast agabrotum skuli vísað beint til ÍSÍ. Stjórn mun beita sér fyrir því að mótanefnd endurskoði reglugerð með tilliti til tímaramma á frestunardeiðnum, sem talin er of langur miðað við samskiptaleiðir nútímans. HRS taldi sjálfsgætt að þessi tími væri styttri en breytingar á reglugerðum þurfa að fá samþykki á formannafundi eða á ársþingi KLÍ.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:25. Næsti fundur er óákveðinn.